

240. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 4. júlí 2022 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 2205072 - Vesturgata 81 breyting úti pallur frá 2. hæð - umsókn um Byggingarheimild umfangsflokkur 1

Umsókn eigenda á Vesturgötu 81 um að byggja svalir út frá 2. hæð.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í að byggður verði pallur á baklóð húss við Vesturgötu 81. Ákvörðun um grenndarkynningu verður tekin þegar fullnægjandi gögn hafa borist og umfang palls minnkað nægjanlega frá þeim hugmyndum sem nú liggja fyrir.

Byggingafulltrúa er falið að fylgja málinu eftir.

2. 2106162 - Breið - hugmyndasamkeppni

Kynning á hugmyndasamkeppni á Breið.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, kynnti niðurstöður í Breið hugmyndasamkeppni.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar bæjarstjóra góða kynningu og lýsir yfir mikilli ánægju með góðar tillögur sem bárust.

Ráðið vil koma á framfæri þökkum til dómnefndar og Breiðar þróunarfélags. Sérstakar þakkar eru færðar til Brims hf. fyrir þeirra framlag en þess skal getið að Brim greiddi allt verðlaunafé í samkeppninni, samtals 25 m.kr.

Skipulags- og umhverfisráð felur bæjarstjóra frekari vinnslu málsins í samvinnu við Breið þróunarfélag og Brim.

3. 2101284 - Þroskahjálp - stofnframlag

Á 183. fundi velferðar- og mannréttindaráðs sem haldinn var þann 22. júní 2022 var tekið fyrir málið Þroskahjálp - stofnframlag nr. 2101284.

Þroskahjálp hefur fengið samþykkt stofnframlag vegna umsóknar um uppbyggingu á íbúðum ætlaðar fötluðu fólkí ásamt viðbótarrými. Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti á 1348. fundi sínum þann 8. mars 2022 að raungera fyrri yfirlýsingu og samþykkir fyrir sitt leytí að Þroskahjálp sækí um stofnframlag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Akranesi á íbúðum fyrir fatlað fólk.

Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir upplýsingum frá skipulags- og umhverfisráði um lóð fyrir fyrirhugaða uppbyggingu á íbúðum fyrir fatlað fólk.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að vinna tillögu að staðsetningu á lóð undir íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.

4. 2206209 - Sorphirða á Akranesi - framlenging 2022-2023

Fyrirhuguð lagabreyting á sorpmálum sveitarfélaga sem tekur gildi um næstu áramót.

Björn Breiðfjörð Gíslason verkefnastjóri tók sæti á fundinum undir þessum lið.

Umræður um þau skref sem Akraneskaupstaður þarf bregðast við m.a. lifræn flokkun heimila sem er löngu orðin tímabær og í takt við Umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Birni fyrir yfirferðina og er honum falið ásamt sviðsstjóra að greina enn frekar rekstrarleg áhrif breytinganna ásamt því að koma með tillögu og verðkönnun á tunnuvali fyrir heimili og fyrirtæki á Akranesi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:50.

Gant - Sveitarfélagsmálastofnan
Valgerði Ls. Þórhalla
Sigr. P. H.
Sorheiði Þórhalla Sigrún Þórhalla
Hafðis Sigr.